

## Fundargerð 96. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 01. október 2015 kl 11:00 að Stórhöfða 25

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Gunnar S. Gunnarsson, Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Sævar Örn Kristjánsson, Guðmundur Sigurvínsson og Þorsteinn Hjálmarsson

Í gengnum fjarfundabúnað: Jón Jóhannsson, Samúel Ingvason og Andrés Bjarnason

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 95
2. Samningsmódel / Magnús Norðdahl lögf. ASÍ
3. ASÍ samningur vegna kjarasamninga.
4. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
5. 6. mánaðar uppgjör VM
6. Félagssjóður og Vinnudeilusjóður?
7. Starfsmannaleigur
8. Yfirlit yfir fjárvörslu
9. Lagt fram til upplýsingar
10. Önnur mál

Formaður setti fundinn og bauð Magnús Norðdahl velkominn. Ákveðið var að byrja á lið 2 og 3 á dagskrá fundarins þar sem Magnús var mættur en hann kom til að skýra samningsmódelið sem er til umræðu m.a. hjá SALEK hópnum.

### 2. Samningsmódel / Magnús Norðdahl lögf. ASÍ

Magnús byrjaði á því að taka fram að hann væri ekki í þessum SALEK hóp og vissi ekki nákvæmlega væri verið að ræða þar en þetta eru lokaðir fundir. Gylfi er í þessum hópi en hann gat ekki mætt hingað á fundinn. Magnús sagði frá skýrslu sem gerð var árið 2013 „Kjarasamningar og vinnumarkaðurinn á Norðurlöndum“. Það sem vantar á Íslandi er samningsmódel eins og á Norðurlöndunum en hér er kerfið svo flókið að erfitt er að setja það í eitthvað eitt módel. Hann útskýrið svo hvernig þetta samningsmódel virkar. Lykilatriði í því er t.d. útflutnings- og samkeppnisgreinar og svo þarf að sjálfsgöðu að vera líka skýr og ábyrg hagstjórn. Rætt er um gerð rammamulags. Öll heildarsamtök launafólks og viðsejndur þeirra eru sammála um að reyna að þróa nýtt líkan og byggja á þessari norrænu fyrirmynd. Flókin vinna við útfærslu er eftir. Hún verður studd með rannsókn norsks fræðimanns á íslenska samningalíkaninu. Það mun taka amk. 2 ár að þróa

Þetta líkan í nánu samráði við aðildarfélögin og þá fyrst verður metið hvort þörf er á lagabreytingum. Ýmis ljón er á veginum, einkum í lífeyris- og réttindamálum sem þarf að ræða og finna sáttaleiðir.

Við þurfum að halda einbeitni og vera áráðin til að komast á leiðarenda en gæta þess um leið að brenna engar brýr að baki okkar.

### **3. ASÍ samningur vegna kjarasamninga.**

Lagur var fram samstarfssamning aðildarfélaganna ASÍ um leikreglur vegna sameiginlegra mála við gerð og endurnýjun kjarasamninga.

### **1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 95.**

Fundargerð samþykkt og undirrituð.

### **4. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála**

1. Fór yfir stöðuna í kjarasamningsmálum: Almenni samningurinn samþykktur tæpt 54.6% já – 42,4% nei. Aðrir samningar ganga illa, verkföll á farskipum. Ríki og sveitarfélög í óvissu.

Ísal í algeri steypu. Fundargerð hjá sáttasemjara var ekki nógu góð og ekki bókað að samþykkt var að yfirvinnubann mátti halda áfram þó svo að verkfalli væri aflýst og nú kannast menn ekki við neitt. Miðar hægt hjá HS-Orku en Landsvirkjun og ON að mjakast áfram. Ljóst er að SFS ætlar ekki að vera að vafsast í kjarasamningum og hafa fengið fulltrúa frá SA til að annast kjarasamningagerðina vegna fiskiskipa.

Varðandi farmennina þá eru 2 af skrifstofunni að fara til Noregs á fund NMF og ætla að fá á hreint hvort við getum ekki boðað verkfall þó svo skipin séu skráð í Færeyjum og vélstjórnir á íslenskum kjarasamningum. Vegna stöðu mála í Mönnunarnefnd sem farið var yfir finnst mönnum orðið tímabært að stoppa undanþágur, hætta að veita undanþágur fyrr en skjalið sem verið er að vinna verði klárað.

2. Formaður fór á fund Iðnaðarráðherra ásamt tveimur öðrum vegna kennitölulakks. Fundurinn skilaði engu.
3. Vinnuálastofnun loksins búin að taka við sér vegna Starfsmannaleigumála en það er VM sem er að leiða þá vinnu. Menn vöknudu þegar við fórum að auglýsa.
4. Framkvæmdir hafnar á fullu á Laugarvatni og stefnt að því að húsin verði tilbúin fyrir sumarið 2016.
5. 100. ára hátíðardagskrá Vélaskólans 9. október, verður á Grand Hótel.

### **5. 6. mánaðar uppgjör VM.**

6 mánaða staða félagsins var lögð fram.

### **6. Vinnudeilusjóður og Félagssjóður?**

Stærsti veikleiki verkalýðshreyfingarinnar þegar kemur að kjarasamningum eru slakir vinnudeilusjóðir. Ákveðin félög fóru út úr iðnaðarmannasamstarfinu vegna þess að þeir

höfðu ekki efni á að fara í verkfall. Ljóst er að sterkir verkfallssjóðir skapa betri samningsstöðu.

#### **7. Starfsmannaleigur.**

Við erum búin að koma vinnumálastofnun og skattinum af stað í að skoða þetta en við ætlumst til að ASÍ taki við keflinu en þeir hafa í það minnsta ekki gert það ennþá. Mjög þarft var að koma þessari umræðu af stað en við verðum að passa að þetta sé ekki bara einhver bóla sem deyr svo.

#### **8. Yfirlit yfir fjárvörslu.**

Lögð voru fram yfirlit frá fjárvörsluaðilum, Íslandsbanka, Virðingu og Arion banka, þar sem fram kemur staða á mörkuðum og ávöxtun á peningum félagsins.

#### **9. Lagt fram til upplýsinga.**

- Bréf til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins vegna frumvarps.
- Álagður skattur frá ASÍ
- Auglýsing vegna Rio Tinto, alþjóða baráttudagur 7. október.

#### **10. Önnur mál.**

Talaði var um lífeyrisnefndina. 2 fundir eru búnir að vera síðan hún var sett á laggirnar. Menn segja að þenslan sé að byrja. Mikilvægt að lífeyrissjóðirnir séu ekki að lána víkjandi lán því þau eru nefnilega ekki alltaf borguð til baka. Hann telur að kalla eigi nefndina saman í þeim tilgangi að setja saman tillögu frá VM um þetta mál.

Í lok fundar stóðu stjórnarmenn upp og sameinuðust í ½ mínútu þögn til að minnast Samúels Jóns Guðmundssonar og Páls Magnússonar. Blessuð sé minning þeirra.

Fundi slitið kl. 14:40